

Til nefndasviðs Alþingis.
Berist Umhverfis- og samgöngunefnd

Ítrekuð er umsögn sem send var í samráðsgátt varðandi tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020–2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2034, 435. Mál.

Sveitarstjórn Rangárbings ytra leggur til að fjármagn til malartengivega verði a.m.k. þrefaldað svo hraða megi því verkefni að leggja bundið slitlag á þá umferðarmestu og lengstu. Langir og fjölfarnir tengivegir eru innan Rangárbings ytra sem ekki hafa verið lagðir bundnu slitlagi, samtals um 80 km. Litlu sem engu fjármagni hefur verið varið í lagningu bundins slitlags á vegi í sveitarfélaginu á undanförunum árum og þessu þarf að breyta. Þess er krafist að gert verði sérstakt átak í að leggja bundið slitlag á fjölfarna tengivegi í sveitarfélaginu. Vegir sem sérstaklega þarf að horfa til eru Hagabraut (286), Þingskálavegur (268), Árbæjarvegur (271), Bjallavegur (272) og Rangárvallavegur frá Gunnarsholti að Keldum (264).

Fyrir hönd Rangárbings ytra
Ágúst Sigurðsson
sveitarstjóri